

Anton Kári Halldórsson,
Skipulags- og byggingarfulltrúi Skaftárhrepps
Klausturvegi 15
880 Kirkjubæjarklaustur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 26. apríl 2012
Tilvísun: UST20120300075/ksj

Lýsing deiliskipulags á þjónustusvæði við Langasjó

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Skaftárhrepps er barst 8. mars sl. þar sem óskað er umsagnar um lýsingu deiliskipulags þjónustusvæðis við Langasjó.

Langisjór og nágrenni hans eru innan Vatnajökulspjóðgarðs. Heildarstærð skipulagssvæðis er ofangreind lýsing deiliskipulagstillögu fjallar um er 25 ha. Áætluð uppbygging þjónustusvæðis við Langasjó felur í sér vegi, bílastæði og byggingar.

Byggingar

Í ofangreindri lýsingu kemur fram að gert er ráð fyrir að byggja allt að 40 fermetra aðstöðuhús fyrir landverði og allt að 20 fermetra snyrtihús. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að í deiliskipulagi komi fram skýrar upplýsingar um umfang og form húsanna. Einnig er mikilvægt að fram komi rök fyrir efnisvali og staðsetningu beggja húsa, ásamt því að gerð verði grein fyrir staðsetningu upplýsingaskilta bæði við bílastæði og við gönguleið á Sveinstind sem og í skarðinu vestan við Sveinstind.

Frárennsli

Að mati Umhverfisstofnunar ætti í deiliskipulagi að koma fram hvernig leysa á frárennsli frá ofangreindum aðstöðu- og snyrtihúsi, og hvar eigi að staðsetja rotþró á svæðinu.

Aðkoma, vegir og bílastæði

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að í deiliskipulagi komi fram að við vegagerð og við gerð bílastæða verði forðast að valda óþarfa raski. Einnig er mikilvægt að fram komi í deiliskipulagi að efnistaka sé í samræmi við efnistökusvæði í Aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010-2022. Umhverfisstofnun bendir á að öll efnistökusvæði eru háð framkvæmdaleyfi.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að við framkvæmdir á þjónustusvæði við Langasjó verði notaðar umhverfsvottaðar vörur, hvort sem um er að ræða timbur, málningavörur eða aðrar vörur, sé þess nokkur kostur.

Virðingarfyllt

A. Birna Guðla.

Aðalbjörg B Guttormsdóttir
Deildarstjóri

Kristín S. Jónsdóttir
Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun